



Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

# Ársskýrsla

Starfsárið 2023 – 2024

## Efnisyfirlit

---

Ávarp stjórnarformanns.....	2
Aðalfundar SFV 2024 .....	4
Ársfundur SFV 2024 .....	4
Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2023-2024.....	5
Skrifstofa og starfsfólk SFV.....	6
Aðildarfélög SFV 2023-2024 .....	7
Fundargerð aðalfundar SFV 2023 .....	8
Molar úr starfi SFV starfsárið 2023-2024.....	10
Núgildandi lög SFV .....	14
Fundarboð aðalfundar 2024 .....	17
Tillögur að lagabreytingum lagðar fram á aðalfundi 2024 .....	18
Ársreikningur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2023 .....	19

# Ávarp stjórnarformanns

---

Það er gaman að geta horft til baka á annað viðburðaríkt starfsár hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Við í stjórn samtakanna og starfsfólk erum stolt af þeim árangri sem náðst hefur á árinu. Aðildarfélög samtakanna geta einnig verið ákaflega stolt af starfsemi sinni á árinu.

Á árinu hefur verið töluverð umræða á opinberum vettvangi og í almennri umræðu um rekstrarform heilbrigðisþjónustu. Þema opins ársfundar SFV, sem haldinn verður í beinu framhaldi af þessum fundi er „Fjölbreyttur rekstur = Fjölbreyttur ávinningur. Hvernig er best að reka heilbrigðisþjónustu?“ Þar verður fjallað um mismunandi rekstrarform í heilbrigðisþjónustu og hvernig gengur að tryggja hágæða þjónustu við okkar þjónustugega. Þar verða í boði spennandi pallborðsumræður, erindi og þá mun heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórsson, ávarpa fundinn.

Þegar ég horfi yfir árið sé ég marga hápunkta í starfinu, í raun fleiri en pláss er fyrir að nefna í þessu stutta ávarpi mínu. Þá minni ég á að greinagóða yfirferð yfir starfið má finna í nýrri ársskýrslu samtakanna, en helstu verkefni stjórnar og starfsmanna hafa sem fyrr verið hagsmunagæsla fyrir aðildarfélögin. Þar má t.d. nefna vinnu í tengslum við fjárlögin þar sem við náðum ýmsu fram. Þá fór fram mikil vinna í tengslum við mál á Alþingi og í stjórnkerfinu, m.a. í gegnum umsagnir, heimsóknir til nefnda og margra formlegra og óformlegra funda og samtala með lykilaðilum í stjórnkerfinu.

Það er gaman að geta nefnt þann góða gang sem er í baráttunni um að fá fullar leigugreiðslur frá stjórnvöldum fyrir það húsnæði sem aðildarfyrirtækin koma með að borðinu. Þar kom út tímamótaskýrsla frá heilbrigðis- og fjármálaráðuneytunum varðandi húsnæðismál hjúkrunarheimila. Skýrsla sem var afrakstur framhaldsvinnu eftir þjónustusamninga hjúkrunarheimila, vinnu sem samtökin fengu töluvert að koma að, sem við þökkum stjórnvöldum kærlega fyrir. Þá er að störfum samsvarandi nefnd, með þátttöku SFV, um húsnæðismál endurhæfingarfyrirtækja sem við berum miklar vonir til.

Ég vil sérstaklega nefna aðra mikilvæga vinnu sem á rætur sínar að rekja til þjónustusamninga hjúkrunarheimila. Það er vinna við að búa til nýtt mats- og greiðslukerfi fyrir hjúkrunarheimili, en starfshópur sem vann að því verkefni skilaði á árinu niðurstöðum sem munu fela í sér miklar úrbætur fyrir framtíðar starfsumhverfi hjúkrunarheimilanna. Í þessum töluðu orðum er einnig verið að ljúka við vinnu um endurskoðun færni- og heilsumatsferlisins, sem við berum miklar vonir til að skili betra ferli við forgangsröðun og skipulagi innlagna á hjúkrunarheimili.

Starfsárið einkenndist af mikilli vinnu í kjaramálunum. Þar er gaman að geta sagt frá því að Tryggvi Friðjónsson tók aftur við stöðu formanns samninganefndar SFV í kjaramálum. Tryggvi er þrautreyndur og með mikla þekkingu og færni í kjaramálunum. Við bjóðum hann þannig hjartanlega velkominn aftur til starfa. Á starfsárinu var gengið frá árs framlengingu á öllum helstu kjarasamningum SFV og er samninganefnd SFV þakkað fyrir vinnu sínu við gerð þeirra. Þá höfðu verkföll hjá starfsmönnum annarra aðila en aðildarfyrirtækja SFV mikil bein og óbein áhrif á starfsemi þeirra, sem kallaði á töluverða vinnu á vettvangi SFV. Þar sem dagskráin er þétt þá tókum við þá pólitísku ákvörðun um að kalla fljótlega til félagsfundar vegna kjaramála, svo við getum gefið okkur góðan tíma til að fara yfir þau mál.

Það er gaman að segja frá því að tvö félög bættust við á árinu, NLFÍ og Andrastaðir. Við bjóðum þau hér með hjartanlega velkomin

Þegar ég horfi yfir starfsárið sést vel hve mikilvægur tilgangur samtakanna okkar er og hversu stórt hlutverk við spilum í íslenska heilbrigðiskerfinu. Okkar hlutverk er að efla samstarf aðildarfélaganna, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum. Þá er einnig mikilvægt að stuðla að árangursríku samstarfi við heilbrigðisyfirvöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra haghafa. Við í stjórn SFV viljum þakka ykkur aðildarfélögunum fyrir samstarfið á árinu.

Að síðustu vil ég þakka fyrir þann velvilja sem samtökin hafa fundið fyrir frá stjórnvöldum á starfsárinu og vil ég þar sérstaklega þakka heilbrigðisráðherra, Willum Þór Þórssyni, fyrir samstarfið á starfsárinu.

**María Fjóra Harðardóttir**  
formaður stjórnar SFV

## Aðalfundar SFV 2024

Fimmtudaginn 18. apríl 2024 kl. 13:00 – 14:00, haldinn á Skjólí, Kleppsvegi 64.

### Dagskrá:

Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum SFV

Önnur mál

## Ársfundur SFV 2024

Ársfundur SFV er haldinn að loknum aðalfundi í Laugarásbíó. Umfjöllunarefni ársfundar er **Fjölbreyttur rekstur=Fjölbreyttur ávinningur. Hvernig er best að reka heilbrigðisþjónustu?** Ársfundurinn hefst kl. 14:30.

**Fjölbreyttur rekstur  
= Fjölbreyttur ávinningur**

Hvernig er best að reka heilbrigðisþjónustu?

**Tími og staður**  
Fimmtudagur 18. apríl kl. 14.30 – 16.30 í Laugarásbíó

**Dagskrá**

**Ávarp:**  
Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðgjafi

**Hvernig er best að reka heilbrigðisþjónustu?**  
Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir, forstjóri SAM og  
Sigurjón N. Kjærnestad, framkvæmdastjóri SFV

**Palborðsumræður:**

Finnbjörn A. Hermannsson,  
forseti ASÍ

María Fjóra Harðardóttir,  
forstjóri Hrafnistu og stjórnarlamaður SFV

Sigurður Helgason,  
forstjóri Sjúkruneytinga Íslands

Stefán Einar Stefánsson,  
Fjórmiðlamaður

Halla Thoroddsen, forstjóri Sóltúns  
og Sigurjón N. Kjærnestad, framkvæmdastjóri SFV  
stjóra umræðum.

Fundurinn er öllum opin en skráningar  
er óskað á [www.samtok.is](http://www.samtok.is)

  
Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

# Stjórn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu 2023-2024

---

**MARÍA FJÓLA HARÐARDÓTTIR** **FORMAÐUR**

Hrafnistuheimilin

[maria.hardardottir@hrafnista.is](mailto:maria.hardardottir@hrafnista.is)

Vinnusími: 585 9500

**ÁSGERÐUR TH. BJÖRNSDÓTTIR** **MEÐSTJÓRNANDI**

SÁÁ

[asgerdur@saa.is](mailto:asgerdur@saa.is)

Vinnusími: 530 7600

**EYBJÖRG HELGA HAUKSÓTTIR** **MEÐSTJÓRNANDI**

Eir, Hamrar og Skjól

[eybjorg@eir.is](mailto:eybjorg@eir.is)

Vinnusími: 522 5780

**HALLA THORODDSEN** **MEÐSTJÓRNANDI**

Sóltún öldrunarþjónusta ehf. (Sólvangur hjúkrunarheimili og Sóltún Heima)

[halla@solvangur.is](mailto:halla@solvangur.is)

Vinnusími: 590 6591

**KARL ÓTTAR EINARSSON** **MEÐSTJÓRNANDI**

Grundarheimilin (Grund, Mörk og Ás)

[karl.ottar@grund.is](mailto:karl.ottar@grund.is)

Vinnusími: 5306171

**KJARTAN KJARTANSSON** **MEÐSTJÓRNANDI**

Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili

[kjartan@dvalarheimili.is](mailto:kjartan@dvalarheimili.is)

Vinnusími: 433 4302

**PÉTUR MAGNÚSSON** **MEÐSTJÓRNANDI**

Reykjalundur

[petur@reykjalundur.is](mailto:petur@reykjalundur.is)

Vinnusími: 585 2000



# Skrifstofa og starfsfólk SFV

---

Skrifstofa Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu er á Hrafnistu Laugarási, Brúnavegi 13, 104 Reykjavík.

SIGURJÓN NORBERG KJÆRNESTED FRAMKVÆMDASTJÓRI

[sigurjon@samtok.is](mailto:sigurjon@samtok.is)

GSM: 783 8114 / Vinnusími: 5 600 200

GUNNHILDUR ERLA KRISTJÁNSDÓTTIR LÖGFRÆÐINGUR / PERSÓNUVERNDARSÉRFRÆÐINGUR

[gunnhildur@samtok.is](mailto:gunnhildur@samtok.is)

Vinnusími: 5 600 201

HEIÐA BJÖRK VIGNISDÓTTIR LÖGFRÆÐINGUR

[heida@samtok.is](mailto:heida@samtok.is)

Vinnusími: 5 600 202

KARL SIGURÐSSON GREINANDI

[karl@samtok.is](mailto:karl@samtok.is)

Vinnusími: 5 600 204

LOVÍSA ÁRNADÓTTIR ALMANNATENGL

[lovisa@samtok.is](mailto:lovisa@samtok.is)

TRYGGVI FRÍÐJÓNSSON FORMAÐUR SAMNINGANEFNDAR SFV

[tryggvifridjonsson@samtok.is](mailto:tryggvifridjonsson@samtok.is)

GSM: 899 0065

## Aðildarfélag SFV 2023-2024

---

Alzheimersamtökin, Reykjavík	Hlíðabær, Reykjavík	MS Setrið, Reykjavík
Andrastaðir, Kjalarnesi	Hornbrekka, hjúkrunar- og dvalarheimili, Fjallabyggð	Múlabær, Reykjavík
Ás, dvalar- og hjúkrunarheimili, Hveragerði	Hrafnista Boðarþing, Kópavogi	Mörk hjúkrunarheimili, Reykjavík
Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvalarheimili, Borgarnes	Hrafnista Hlévangur, Reykjanesbæ	Naust, dvalar- og hjúkrunarheimili, Þórshöfn
Dalbær, heimili aldraðra, Dalvík	Hrafnista Hraunvangur, Hafnarfirði	Reykjalundur, endurhæfing, Mosfellsbæ
Droplaugarstaðir, hjúkrunarheimili, Reykjavík	Hrafnista Ísafold, Garðabæ	Samhjálp, Reykjavík
Dvalarheimilið Fellaskjól, Grundarfirði	Hrafnista Laugarás, Reykjavík	SÁÁ, Reykjavík
Eir hjúkrunarheimili, Reykjavík	Hrafnista Nesvellir, Reykjanesbæ	Seljahlíð, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Fellsendi, hjúkrunarheimili, Dalabyggð	Hrafnista Skógarbæ, Reykjavík	Skjól, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Grenilundur, hjúkrunarheimili, Grenivík	Hrafnista Sléttuvegi, Reykjavík	Sólheimar ses.
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili, Reykjavík	Höfði, hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi	Sóltún öldrunarþjónusta, Reykjavík
Hamrar hjúkrunarheimili ehf., Mosfellsbæ	Jaðar, hjúkrunar- og dvalarheimili, Ólafsvík	Sóltún, hjúkrunarheimili, Reykjavík
Heilsustofnun NLFÍ, Hveragerði	Kirkjuhovoll, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hvolsvelli	Sólvellir, heimili aldraðra, Eyrarbakka
Heilsuvernd hjúkrunarheimili, Akureyri	Kjarkur endurhæfing, Reykjavík	Sundabúð, hjúkrunarheimili, Vopnafirði
Heilsuvernd, Vífilsstaðir	Klausturhólar, hjúkrunar- og dvalarheimili,	Vigdísarholt, Kópavogi
Hjallatún, hjúkrunarheimili, Mýrdýlshrepp	Kirkjubæjarklaustri	
	Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili, Hellu	



# Fundargerð aðalfundar SFV 2023

---

## Fundargerð aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Dags. 27. apríl. kl. 13:00

Staðsetning: Hrafnistu – Sléttuvegi

Glærुकyning aðalfundar er fylgigagn með fundargerð þessari.

### Dagskrá fundar:

- María Fjóra formaður SFV fór yfir dagskrá fundarinn.

### Kosning fundarstjóra og fundarritara:

- Lagt var til að Aríel Pétursson yrði fundarstjóri og Þorsteinn Skúli Sveinsson yrði fundarritari. Samþykkt samhljóma.

### Fundarstjórn:

- Aríel fór yfir löglega boðun fundar skv. reglum félagsins ásamt öðrum atriðum er snýr að fundinum. Ekki var gerð athugasemd við að til fundarsins væri löglega boðað.

### Skýrsla stjórnar:

- María Fjóra flutti skýrslu stjórnar.

### Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar:

- Sigurjón Norberg framkvæmdastjóri SFV kynnti fyrst að keypt hefði verið þjónusta af Advant vegna gerð ársreikningsins og endurskoðun.
- Ársreikningurinn var kynntur. Helstu niðurstöður hans voru:
  - Hagnaður ársins 4.960.289 kr.
  - Eignir: 45.065.987 kr.
  - Eigið fé: 20.460.164. kr.
  - Eigið fé og skuldir samtals: 45.065.987 kr.
  - Hækkun á handbæru fé: 8.667.771 kr.
  - Handbært fé í ársloka: 44.075.987 kr.
- Vakin var sérstaklega athygli undir liðnum „sundurliðun“ á aðkeyptri þjónustu og sérstaklega keyptri þjónustu af DHB ehf, en um er að ræða keypta þjónustu vegna betri vinnutíma.
- Ársreikningurinn var lagður fyrir fundinn og var samþykktur samhljóma.

### Lagabreytingar:

- Þorsteinn Skúli Sveinsson aðstoðarframkvæmdastjóri SFV bar upp lagabreytingar.
  - Yfirferð yfir lagabreytinarnar eins og þær voru kynntar eru í meðfylgjandi glærुकyningu sem er fylgigagn með fundargerð þessari
- Gísli Páll Pálsson frá Grund kom með athugasemd varðandi 13. gr. vegna ákvörðun félagsfundar um ákvörðun ráðstöfun eigna og greiðslna skulda að hvort ekki þyrfti að vera 2/3 atkvæða eins og í hinum greinum. Því verður bætt við. Lagabreytingar voru lagðar fyrir fundinn með breytingu og samþykktur samhljóma.

### Kosning formanns:

- María Fjóra situr áfram formaður til næsta aðalfundar, en hún vor kosin til tveggja ára á síðasta aðalfundi.

### Kosning annarra stjórnarmanna:

- Aríel fer yfir stöðu stjórnarmanna og þakkar Sigurður Rúnari Sigurjónssyni og Vilborgu Gunnarsdóttur fyrir samstarfið, en þau ljúka nú stjórnarsetu
- Laus voru 4 stjórnarsæti. Þrjú til tveggja ára og eitt til eins árs. Fram voru komin eftirfarandi framboð í stjórn:
  - Til tveggja ára: Kjartan Kjartansson frá Höfða, Pétur Magnússon frá Reykjalandi og Eybjörg Hauksdóttir frá Eir, Skjól og Hömrum.
  - Til eins árs: Ásgerður Björnsdóttir frá SÁÁ.
- Fram kom fyrirspurn úr sal hvort Þórdís Hulda Tómasdóttir frá Eir og formaður fagráðs hjúkrunarstjórnenda SFV væri einnig í framboði. Sigurjón sagð frá og las upp erindi sem kom frá Þórdísi fyrir hönd fagráðs hjúkrunarstjórnenda og útskýrði að það hefði fjallað um að fagráðið fengi áheyrnarfulltrúa í stjórn en ekki kjörinn stjórnarfulltrúa. Erindinu hefði verið beint til stjórnar sem myndi taka það upp á næsta fundi sínum. Fram kom í umræðum að málshefjanda að fleiri hjúkrunarfræðingar mættu vera í stjórn.
- Listi frambjóðenda var lagður í heild sinni fyrir fundinn og samþykktur samhljóma.

### Kosning tveggja skoðunarmanna:

- Anna Birna Jensdóttir og Ingibjörg Ólafsdóttir höfðu lýst yfir vilja til að vera áfram skoðunarmenn reikninga.
- Listi tveggja skoðunarmanna var lagður í heild sinni fyrir fundinn og samþykktur samhljóma.

### Ákvörðun forsenda árgjalda:

- Sigurjón fór yfir forsendur árgjalda og hvernig þeim er skipt niður.
  - Almenn aðildargjöld: 41,2 m.kr.
  - Aðildargjöld vegna kjaranefndar 21,3 m.kr.
  - Aðildargjald vegna persónuverndarverkefnis: 17.5 m.kr.
  - Viðbótaraðildargjald hjúkrunarheimila: 16.3 m.kr.
  - Samtals: 96.3 m.kr.
- Forsendur árgjalda voru lagðar fyrir fundinn og samþykktar samhljóma.

### Önnur mál:

- Ályktun aðalfundar: Sigurjón kynnti drög að ályktun fyrir fundinn, leggur áherslu á að ekki sé um tæmandi lista til stjórnvalda. Lovísa mun síðan skipta ályktuninni niður og notar til kynningar.
- Vilborg Gunnarsdóttir frá Alzheimersamtökunum tók til máls og vildi breyta orðalaginu að gera kleift að búa sem lengst heima hjá sér. Lagðar voru til breytingar til að ná þessu fram og eru þær rauðmerktar í meðfylgjandi glærुकynningu fundarins.
- Gísli Páll Pálsson frá Grund gerir athugasemdir hversu löng tillagan er. Sigurjón útskýrði fyrir honum hvernig Lovísa muni nota ályktunina og einnig hvernig henni verður skipt niður.
- Ályktunin ásamt breytingartillögu var lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóma.
- Staða samningaviðræðna í kjaramálum: Þorsteinn Skúli fer yfir vinnu samninganefndar sem hefur átt sér stað á tímabilinu frá hausti 2022 til dagsins í dag. Einnig upplýsti hann stöðu kjaraviðræðna við samningsaðila SFV.
- María Fjóra þakkar fyrrum stjórnarmönnum fyrir góð störf og bíður nýja velkomna. Fundur slitinn kl. 14:10.

# Molar úr starfi SFV starfsárið 2023-2024

---

Hér fylgja nokkrir molar úr starfi samtakanna á starfsárinu. Hér er engan veginn ætlunin að vera með tæmandi upptalningu á starfinu, frekar létt mynd af nokkru af því helsta.

## Nýir aðildarfélagar, stjórn og starfsfólk

Á starfsárinu bættust tvö félög í samtökin, Andrastaðir á Kjalarnesi og Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði og eru þau boðin hjartanlega velkomin. Töluverður áhugi er hjá ýmsum aðilum um aðild að samtökunum og bíður það stefnumótunarvinnu næsta starfsárs að taka afstöðu til þess áhuga til framtíðar.

Sú breyting varð á stjórn samtakanna á starfsárinu að Eybjörg Hauksdóttir frá Eir og Pétur Magnússon frá Reykjalundi tóku sæti í stjórn í stað þeirra Sigurðar Rúnars Sigurjónssonar og Vilborgar Gunnarsdóttur.

Breytingar urðu einnig á starfsliði samtakanna, en á starfsárinu tók Tryggvi Friðjónsson til starfa sem formaður samninganefndar SFV. Þá lét Þorsteinn Skúli Sveinsson af störfum hjá samtökunum og eru honum þokkuð góð störf.

## Samstarf við stjórnvöld og Alþingi

Samstarf við stjórnvöld var margbætt á starfsárinu og fjöldi erinda sendur til stjórnvalda og fundað með stjórnvöldum og þingi um ýmis mál. Þannig sendu SFV inn umsagnir um bæði þingmál og mál í samráðsgátt stjórnvalda. Þá átti SFV fulltrúa í ýmsum starfshópum á vegum ríkisins.

Þá var sérlega mikil vinna unnin vegna fjárlaga ársins 2024, unnið var að greiningum og erindum til stjórnvalda og fundað oft með fulltrúum stjórnvalda og stjórn mála. Þar var ánægjulegt að sjá þær breytingar sem gerðar voru á fjárlagafrumvarpinu í meðförum Alþingis þar sem tillit var tekið til margra tillagna og athugasemda SFV.

## Undirbúningur að nýjum þjónustusamningum dagdvala

Áfram var unnið að samningaviðræðum við Sjúkratryggingar Íslands, um heildar-þjónustusamninga fyrir dagdvalir. Þær samningaviðræður strönduðu fyrir nokkrum árum, en mat SFV er að velvilji sé til staðar hjá stjórnvöldum í garð dagdvala og að nú sé tækifæri til þess að koma rekstri þeirra í fastara og öruggara form. Erindi það og almennur undirbúningur fyrir væntanlegar samningaviðræður var áfram unninn á vettvangi stýrihóps SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga um málefni dagdvala.

## Samninganefnd Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Helstu verkefni nefndarinnar eru gerð kjarasamninga og sameiginlegra stofnanasamninga við stéttarfélag á grundvelli umboðs frá aðildarfélögum innan SFV.

Skipan nefndarinnar í apríl 2024:

### Formaður:

Tryggvi Friðjónsson frá 7. nóvember 2023

### Aðrir nefndarmenn:

Guðbjörg Gunnarsdóttir Reykjalundi  
Jakobína Hólmfríður Árnadóttir Hrafnistu  
Karl Óttar Einarsson Grundarheimilunum  
Kjartan Kjartansson Höfða  
Matthías Orri Sigurðarson Eir, Skjóli og Hömrum  
Sigríður Sigurðardóttir Grundarheimilunum  
Sigurjón Norberg Kjærnested framkvæmdastjóri SFV

Framundan er verkefni nefndarinnar að annast um gerð kjarasamninga við stéttarfélög. Vænta má að gildistími kjarasamninganna að þessu sinni verði fjögur ár ef horft er til þeirra kjarasamninga er gerðir hafa verið á almennum vinnumarkaði. Samningaviðræður eru ekki hafnar en viðræðunefnd SFV hefur hitt fulltrúa Sjúkraliðafélags Íslands á undirbúningsfundi. Þar kom fram skýr vilji SLFÍ til að ganga frá stofnanasamningi aðila vegna Jöfnunar launa á milli markaða áður en gengið verður frá kjarasamningi við félagið.

Á grundvelli áfangasamkomulags frá 23. mars 2023 um jöfnun launa á milli markaða hafa stéttarfélög sem hlut eiga að máli gert stofnanasamninga við ríkisstofnanir, þá fyrst og fremst við Landspítala en einnig við nokkrar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni. Á fundi SFV með fjármálaráðuneytinu í febrúar sl. var upplýst að ráðuneytið gerði ráð fyrir að að kostnaður vegna áfangasamkomulagsins hjá aðildarfélögum SFV væri um það bil 150 milljónir króna eða um 1% hækkun launa í stofnanasamningum. Þar er átt við starfsmenn heilbrigðisstofnana sem veita klíniska þjónustu.

Formaður hefur tekið sæti í Stýrihópi um Betri vinnutíma. Meginverkefni Stýrihópsins nú hefur verið að koma fylgiskjölum 1 og 2 um Betri vinnutíma fyrir í kjarasamningstexta komandi kjarasamninga. Samhliða hefur verið unnið að úrbótum, þá sérstaklega tengdum vaktahvata. SFV hefur vakið máls á annmörkum vaktahvatans við Stýrihópinn.

Helstu verkefni formanns önnur en framantalin, er gerð viðræðuáætlana við stéttarfélög, undirbúningur gagnaöflunarskjals í samvinnu við greinanda SFV. Þá hafa umboð til kjarasamningsgerðar verið uppfærð og þau síðan send aðildarfélögum SFV í kjaraaðild til staðfestingar. Óskað var eftir verkfallslistum frá aðildarfélögum eða nógildandi listar staðfestir til áframhaldandi birtingar á heimasíðu samtakanna. Að síðustu vil ég nefna almenn ráðgjöf og túlkun kjarasamninga, auk beiðna frá aðildarfélögum um úrlausn einstaklingsmála. Um hefur verið að ræða margvísleg verkefni, stór og smá. Mörg þeirra hef ég unnið í nánu samstarfi við starfsmenn SFV og einnig hef ég leitað ráða hjá fulltrúum í samninganefnd SFV og eftir atvikum hjá sérfróðum aðilum innan aðildarfélaga SFV.

## Persónuverndarverkefni SFV

Heiða Björk Vignisdóttir, lögfræðingur hjá SFV, sinnir hlutverki persónuverndarfulltrúa þeirra aðildarfélaga SFV sem þá þjónustu þiggja. Hún hefur eftirlit með málum og veitir ráðgjöf og fræðslu á sviði persónuverndar.

Í persónuverndarlögum og reglugerðum eru strangar kröfur gerðar til fyrirtækja og félaga sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar, t.a.m. heilsufarsupplýsingar. Sama á við um fyrirmæli landlæknis um öryggi og gæði sjúkraskráa og tengjast þau fyrirmæli óhjákvæmilega kröfum persónuverndarlaga. Sem dæmi eiga heilbrigðisstofnanir að reka öryggiskerfi, en í því felst m.a. gerð persónuverndarstefnu, upplýsingaöryggisstefnu, skilgreining á öryggiskröfum, lýsing á öryggiskröfum, gerð vinnsluskrár, áhættumats, neyðaráætlana og verklagsreglna, frávíkaskráning o.fl. Ennfremur er skylt að viðhafa innra eftirlit með allri vinnslu og vörslu upplýsinga, m.a. með stofnun öryggis-/eftirlitsnefndar. Persónuverndarfulltrúi getur gegnt lykilhlutverki í að aðstoða heilbrigðisstofnanir við að innleiða og eftir atvikum uppfæra öryggiskerfi og uppfylla þannig ákvæði laga. Persónuverndarfulltrúi aðstoðar einnig við mat á áhrifum á persónuvernd þegar innleiða á ný upplýsingakerfi, viðhafa rafrænt eftirlit með einstaklingum eða í öðrum tilvikum þegar vinnsla er líkleg til að fela í sér verulega áhættu fyrir rétt einstaklinga til persónuverndar. Persónuverndarfulltrúi sinnir einnig fræðslu um persónuvernd innan stofnana, fyrir bæði stjórnendur og starfsmenn, og veitir alhliða ráðgjöf um gott verklag við meðhöndlun á persónuupplýsingum.

Mikil vakning hefur átt sér stað um mikilvægi friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga síðustu ár og einstaklingar orðnir upplýstari um rétt sinn í þeim efnum, t.d. um aðgangsrétt að eigin persónuupplýsingum. Fyrirspurnum og beiðnum frá einstaklingum hefur því fjölgað nokkuð til heilbrigðisstofnana og getur persónuverndarfulltrúi aðstoðað stofnanir við að vinna úr slíkum beiðnum í samræmi við lög. Situr persónuverndarfulltrúi í ýmsum nefndum innan aðildarfélaga, bæði upplýsinga- og öryggisnefndum sem og nefndum um aðgang að sjúkraskrá.

Kostir þess að tilnefna persónuverndarfulltrúa eru því ótvíræðir með vísan til þeirra fjölmörgu verkefna sem hann kemur að innan heilbrigðisstofnana en sem fyrr segir þá hvílir einnig lagaskylda á heilbrigðisstofnunum að tilnefna persónuverndarfulltrúa.

Eitt af stóru verkefnum hjá persónuverndarfulltrúa er að vera aðildarfélögnum innan handar þegar upp kemur öryggisbrestur. Við skoðun á þeim öryggisbrestum sem upp hafa komið á árinu og síðustu ár er ljóst að skriflegir verkferlar, skýrar reglur og fræðsla til starfsfólks hefur ótvíræð áhrif á niðurstöður og ákvarðanir Persónuverndar um aðgerðir og viðurlög.

Persónuverndarfulltrúi á að auki sæti í samstarfshópi persónuverndarfulltrúa í heilbrigðisþjónustu þar sem persónuverndarfulltrúar vinna að sameiginlegum leiðum og markmiðum í persónuverndarmálum heilbrigðisstofnana á landsvísu.

## Umsagnir við lagafrumvörp

Lögfræðingur SFV fylgist grannt með allri vinnu við frumvörp og þingsályktunartillögur, enda er mikilvægt að koma að slíkum málum snemma í ferlinu. Ef verið er að smíða regluverk sem varðar aðildarfélög SFV leitum við til okkar aðildarfélaga og fáum þeirra afstöðu til málsins. Síðan er skilað inn umsögn þar sem leitast er við að koma okkar sjónarmiðum á framfæri ásamt tillögum að breytingum/úrbótum.

Þetta fyrirkomulag hefur gefið mjög góða raun og erum við afar þakklát stjórnvöldum fyrir að hlusta og taka tillit til okkar skoðana. Nauðsynlegt er að leitað sé til hagsmunaaðila þegar setja á ný lög og reglur, enda þekkir enginn betur til en þeir sem vinna í því umhverfi sem lögin taka til. Með þessu móti má smíða regluverk sem nær markmiði sínu og tilgangi. SFV hefur náð góðum árangri og skilað fjölmörgum umsögnum inn á síðastliðnu ári.

## Greiningar og tölfræði

Margs konar greiningar voru unnar á árinu 2023 til að undirbyggja betur starf SFV og til að svara upplýsingabeidnum stjórnvalda. Talsverð vinna var sett í greiningar á kostnaði við rekstur dagdvala og mat á þróun greiðslna frá SÍ í ljósi kröfulýsingar SÍ frá 2022. Sú vinna tengist hugmyndum um gerð þjónustusamnings við SÍ um rekstur dagdvala og verður þeim viðræðum fram haldið á árinu 2024. Talsverð vinna var lögð í úttekt á stöðu nokkurra smærri hjúkrunarheimila á landsbyggðinni og settar fram tillögur til að styrkja rekstrargrunn slíkra eininga til lengri tíma.

Allmikil greiningarvinna var unnin á haustmánuðum í tengslum við fjárlög, við gerð umsagna um þau og undirbúning funda með stjórnvöldum og Alþingi þar um. Önnur samskipti við stjórnvöld sem snerta rekstur fyrirtækja í velferðarþjónustu og þá þjónustu og verkefni sem þau sinna kröfðust einnig greininga af ýmsu tagi.

Af öðrum greiningarverkefnum má nefna söfnun og greiningu gagna vegna undirbúnings kjarasamninga vorið 2023 og samskonar vinna hófst undir lok árs 2023 vegna kjarasamninga 2024. Útfærsla smæðarálags var áfram til skoðunar og áfram var unnið vinna við greiningu á þjónustubörf við aldraða á komandi árum tengt fjölgun aldraðra, svo eitthvað sé nefnt.

## Samskipti við fjölmiðla og önnur almannatengsl

Stefna samtakanna er að vera leiðandi aðili í allri umfjöllun um heilbrigðisþjónustu. Samtökin vilja því sýna frumkvæði í samskiptum við fjölmiðla og vera sýnileg, til dæmis með greinaskrifum og viðburðahaldi. Þannig byggir SFV upp traust almennings, haghafa, stjórnámálanna og fjölmiðla. Áfram er lögð áhersla á að koma sjónarmiðum geirans á framfæri í fjölmiðlum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þetta hefur gefist vel og leitað er til SFV að fyrra bragði í auknum mæli þegar kemur að umfjöllun um heilbrigðismál.

Á árinu var nýtt útlit samtakanna, sem ráðist var í að uppfæra árið 2022, innleitt að fullu með berytingum á heimasíðu SFV. Nýja útlitið er því orðið samræmt á öllum miðlum sem SFV notar og skerpir á allri framsetningu upplýsinga. Á starfsárinu voru skrifaðar nokkrar greinar í fjölmiðla um fjölbreytt málefni og málþing SFV um nýsköpun í velferðarþjónustu var vel heppnað og mjög vel sótt.

Fjölmiðlar fjölluðu talsvert um verkföll og kjarasamninga á starfsárinu og voru skilaboð SFV vel undirbúin hverju sinni. Aðildarfyrirtæki SFV leituðu reglulega til samtakanna til að fá ráðgjöf hvað varðar almannatengsl og framkomu í fjölmiðlum, en einnig itl að fá aðstoð við kynningarefni fyrir stjórnmalaflokka.

## Starfs- og vinnuhópar og innra starf

Mikill kraftur var í innra starfi SFV á árinu og voru bæði ráð og hópar virkir, sem og haldinn fjöldi innri fræðslufunda. Hvað hópana varðar má t.d. nefna Fagráð hjúkrunarstjórna, Innkaupahóp, starfshóp um endurskoðun á færni- og heilsumatskerfinu, starfshóp um húsnæðismál velferðarfyrirtækja, vinnuhóp um skammtímainnlagnir og starfshóp um þjónustusamninga við SÍ. Af innri félagsfundum má nefna að haldnir voru fundir um húsnæðismálin, kjaramál og stöðu lítilla hjúkrunarheimila

## 1. gr.

### Nafn, heimili og varnarþing

Nafn samtakanna er Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, skammstafað SFV. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

### Tilgangur

Tilgangur samtakanna er að:

- Efla samstarf aðildarfélaga, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum.
- Sinna skilgreindum verkefnum hverju sinni, svo sem kjara- og persónuverndarmálum, þar á meðal að annast gerð kjarasamninga við stéttarfélög eftir umboði frá aðildarfélögum hverju sinni.
- Stuðla að árangursríku samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélög, félagasamtök og aðra þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta.
- Að koma á framfæri við stjórnvöld og almenning afstöðu samtakanna til mála er varða hagsmuni aðildarfélaga og fylgja þeim fram.
- Að gangast fyrir upplýsinga- og fræðslustarfsemi m.a. í því skyni að stuðla að framförum og hagræðingu í starfsemi og rekstri aðildarfélaga.

## 3. gr.

### Aðild að SFV

Aðild að samtökunum geta átt fyrirtæki, félög og/eða samtök sem starfa við velferðarþjónustu á Íslandi.

Sveitarfélagi er heimilt að sækja um aðild að samtökunum, fyrir hönd tiltekinnar rekstrareiningar innan sveitafélagsins, þrátt fyrir að sá rekstur hafi ekki verið aðskilinn frá annarri starfsemi sveitarfélagsins með formlegum hætti.

Umsókn um aðild að SFV skal senda skriflega til stjórnar samtakanna. Inntökubeiðni telst samþykkt ef meirihluti stjórnar samþykkir hana. Skjóta má ákvörðun um synjun á inntökubeiðni til aðalfundar eða félagsfundar.

## 4. gr.

### Árgjöld

Aðalfundur ákveður forsendur árgjalda til samtakanna. Árgjöld skulu taka mið af stærð og rekstrarumfangi stofnana. Árgjöldin skulu vera tvískipt og samanstanda annars vegar af grunngjaldi að samtökunum og hins vegar hlutfallsgjaldi sem tekur mið af veltu.

Hlutfallsgjald skal taka mið af tekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu, sem greidd er af ríkinu (eða sveitarfélögum ef sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni) auk hlutdeildar sjúklings / heimilismanns í greiðslum, sem hið opinbera hefur ákvarðað. Ef hlutfallsgjaldið er ekki talið gefa rétta mynd af umfangi starfsemi aðildarfélags er hægt að ákvarða aðildargjald sérstaklega í samræmi við verklagsreglur sem stjórn setur.

Fjárhæð grunngjalds og hlutfallsgjalds getur verið misjöfn milli einstakra hópa aðildarfélaga innan samtakanna (t.d. hjá hjúkrunarheimilum og öðrum aðildarfélögum).

Þrátt fyrir framangreint er heimilt að taka ákveðna þjónustuþætti samtakanna og fjármagna sérstaklega.

Nýtt aðildarfélag greiðir aðildargjöld frá þeim degi sem aðild þess að samtökunum er samþykkt af stjórn. Aðild að samtökunum skal sagt upp með 6 mánaða fyrirvara (talið frá næstu mánaðamótum eftir að uppsögn berst) og aðildargjöld greidd út uppsagnarfréttinn.

Aðildarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á skuldbindingum samtakanna, nema hafa sérstaklega undirgengist slíka ábyrgð með samningi.

## 5. gr.

### Stjórn

Stjórn samtakanna skal skipuð 7 fulltrúum aðildarfélaga. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi til tveggja ára í senn, aðrir stjórnarmenn skulu einnig kosnir til tveggja ára í senn. Á hverju ári skal kjósa þrjú stjórnarmenn á aðalfundi samtakanna svo stjórnarmenn gangi ekki allir úr stjórn sama árið. Láti stjórnarmaður af embætti áður en tveggja ára tímabili lýkur er heimilt að kjósa nýjan í hans stað á aðalfundi og situr sá út kjörtímabil þess sem lætur af störfum.

## 6. gr.

### Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi eftir aðalfund kýs stjórn úr sínum hópi varaformann stjórnar samtakanna.

Stjórn skal tilnefna formann samninganefndar samtakanna.

Stjórn fundar reglulega og skal formaður leggja til tímasetningu funda stjórnar. Þó er skylt að halda stjórnarfund ef 3 eða fleiri stjórnarmenn óska eftir því.

## 7. gr.

### Hlutverk og ábyrgð stjórnar

Stjórn SFV fer með fjármál, framkvæmdir og önnur málefni samtakanna og sér um að skipulag og starfsemi þeirra sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra SFV til að stýra starfseminni.

Stjórnin skal sjá um að eftirlit sé haft með bókhaldi og fjárreiðum samtakanna og ræður löggiltan endurskoðanda.

## 8. gr.

### Rekstur samtakanna

Framkvæmdastjóri SFV annast daglegan rekstur samtakanna og skal fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin setur honum. Óvenjulegar, mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir skal ævinlega leggja fyrir stjórn til ákvörðunar. Framkvæmdastjóri skal sitja stjórnarfundum, nema annað sé sérstaklega ákveðið og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjóra er heimilt að ráða starfsmenn samkvæmt samþykki stjórnar og/eða kaupa sérfræðipjónustu, til sértækra tímabundinna verkefna, enda séu þau unnin í þágu meirihluta aðildarfélaga.

## 9. gr.

### Reikningar

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

Frumeintak ársreiknings, undirritað af stjórn, framkvæmdastjóra, endurskoðanda og skoðunarmönnum skal lagt fyrir aðalfund til samþykktar.

## 10. gr.

### Aðalfundur

Aðalfundur samtakanna skal halda árlega, fyrir lok aprílmánaðar.

Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga, eða fulltrúar þeirra.

Aðalfundarboð skal sent félögum með minnst tveggja vikna fyrirvara. Sending fundarboðs á póstlista SFV með rafrænum hætti (tölvupósti) telst fullnægjandi.

Á dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur samtakanna lagður fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns



6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun forsenda árgjalda
9. Önnur mál

Á dagskrá aðalfundar má taka, sem sérstök atriði, tillögur og mál, sem berast í hendur stjórnarmanna minnst einni viku fyrir aðalfund.

Hvert fyrirtæki fer með atkvæðismagn á fundum samtakanna í samræmi við greidd aðildargjöld til samtakanna samkvæmt síðasta starfsári. Vægi atkvæða skal vera með eftirfarandi hætti:

Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 0 – 500.000.000 hefur 1 atkvæði.

Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 500.000.001 – 1.500.000.000 hefur 2 atkvæði.

Aðildarfélag með tekjur að fjárhæð kr. 1.500.000.001 eða meira hefur 3 atkvæði.

Meirihluti atkvæða, skv. ofangreindri reiknireglu, ræður úrslitum mála.

Þegar kosið er til stjórnar ræður hlutkesti kjöri, þegar atkvæði falla jafnt.

Kosning stjórnar skal vera skrifleg, sé þess óskað.

#### **11. gr. Félagsfundir**

Stjórnin skal boða til a.m.k. tveggja almennra félagsfunda á milli aðalfunda. Almennir félagsfundir eru að jafnaði opnir stjórnnum aðildarfélaga og starfsfólki þeirra.

Boða skal til funda með að lágmarki tveggja daga fyrirvara. Halda skal félagsfund ef þriðjungur aðildarfélaga óska eftir því.

#### **12. gr. Lagabreytingar**

Lögum þessum verður eigi breytt nema á lögmatum aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi eða framhaldsaðalfundi að vísa lagabreytingum til allsherjaratkvæðagreiðslu allra aðildarfélaga SFV.

Öll aðildarfélög geta lagt fram tillögu að lagabreytingum og skulu tillögur berast stjórn félagsins fyrir lok febrúar. Á aðalfundi er eingöngu heimilt að gera breytingartillögur við þær lagabreytingartillögur sem fylgdu fundarboði aðalfundar. Aðrar breytingartillögur verða ekki teknar fyrir. Tillögur til breytinga á lögum félagsins skulu fylgja með boðun aðalfundar.

Til þess að lagabreyting nái fram að ganga verður hún að vera samþykkt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, sbr. 10.gr. hér að ofan varðandi vægi atkvæða.

#### **13. gr. Slit samtakanna**

Ákvörðun um slit samtakanna eða samruna þeirra við önnur samtök eða félög verður ekki samþykkt nema 2/3 allra aðildarfélaga SFV samþykki það, sbr. 10.gr. hér að ofan varðandi vægi atkvæða.

Verði tillaga um slit samtakanna samþykkt skal boðað til sérstaks félagsslitafundar sem tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Ákvörðun um ráðstöfun eigna og greiðslu skulda skal samþykkt með 2/3 greiddra atkvæða, sbr. 10. gr. hér að ofan varðandi vægi atkvæða.

Lög þessi voru samþykkt með nýjustu breytingum á aðalfundi SFV haldinn 27. apríl 2023.



Reykjavík 11. mars 2024

## Fundarboð

Boðað er til aðalfundar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fimmtudaginn 18. apríl nk. kl. 13.00. Fundurinn verður haldinn á Skjóli hjúkrunarheimili, Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík

Fundarefni samanber lög félagsins er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar samtakanna lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning annarra stjórnarmanna
7. Kosning tveggja skoðunarmanna
8. Ákvörðun árgjalda
9. Önnur mál

Vinsamlegast er óskað eftir að fá staðfestingu á móttöku þessa fundarboðs og upplýsingar um hverjir munu mæta á fundinn á netfangið [sigurjon@samtok.is](mailto:sigurjon@samtok.is). Rétt er að vekja athygli á 10. gr. laganna en þar segir: „Rétt til setu á aðalfundi eiga formaður stjórnar og forstjóri/framkvæmdastjóri aðildarfélaga, eða fulltrúar þeirra.”

Þau sem hafa áhuga á að bjóða sig fram til stjórnarsetu eru hvött til að senda tölvupóst þess efnis á netfangið [sigurjon@samtok.is](mailto:sigurjon@samtok.is).

Að loknum aðalfundarstörfum verður efnt til spennandi opins málþings í Laugarásbío, þar sem umfjöllunarefnið verður fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Þar mun m.a. Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra, ávarpa fundinn ásamt fleiri góðum gestum. Nánari dagskrá verður auglýst síðar. Boðið verður upp á léttar veitingar.

# Tillögur að lagabreytingum lagðar fram á aðalfundi 2024

---

Fagráð hjúkrunar SFV sendi inn tillögu að viðbót við 6. gr. laga SFV, svohljóðandi:

*Fagráð hjúkrunar samtakanna skal eiga áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum, sem bundinn er sömu þagnarskyldu og stjórnarmeðlimir. Áheyrnarfulltrúi hefur málfrelsi og tillögurétt en ekki kosningarrétt.*

María Fjóra Harðardóttir sendi inn annars konar tillögu að viðbót á 6. gr. laga SFV, svohljóðandi:

*Áheyrnarfulltrúa frá Fagráði hjúkrunar samtakanna (sjá 8. gr.) skal boðið inn á stjórnarfund þrisvar sinnum á ári þar sem farið verður yfir þau faglegu mál sem eru í gangi hverju sinni á vettvangi samtakanna. Þá getur Fagráð hjúkrunar lagt til mál til umræðu á þeim stjórnarfundum. Áheyrnarfulltrúinn er bundinn sömu þagnarskyldu og stjórnarmeðlimir. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt, en ekki kosningarrétt á stjórnarfundum.*

Þá leggur MFH til að að bætt verði við nýrri 8. gr í lög samtakanna þar sem fjallað yrði um hlutverk Fagráðs hjúkrunar. Stjórnin telur nauðsynlegt að ef fjalla á um Fagráð hjúkrunar í 6. gr. þá þurfi löggin að skilgreina hvað Fagráð hjúkrunar sé. Þannig leggur stjórn til sem hluta af breytingartillögu þessari, að við löggin bætist eftirfarandi ný grein (og númer á öðrum eftirfarandi greinum breytist til samræmis):

## **8. gr** **Fagráð hjúkrunar**

Innan SFV skal vera starfandi samstarfsvettvangur hjúkrunarstjórnenda hjá aðildarfélögum samtakanna. Hjúkrunarstjórnendur hjá öllum aðildarfélögum samtakanna eiga rétt á að taka þátt í starfi fagráðsins. Fagráðið kys sér árlega formann. Hlutverk fagráðsins er eftirfarandi:

- Efla fagþróun og gæði í starfsemi aðildarfélagana SFV
- Hafa frumkvæði að og vera vettvangur faglegrar umræðu um hjúkrun hjá aðildarfélögum SFV
- Vera stjórn SVF til ráðgjafar og álits um mikilvægar faglegar ákvarðanir, m.a. með því að taka til umfjöllunar/umsagnar fagleg málefni
- Koma upplýsingum frá stjórn á framfæri til forsvarsmanna hjúkrunar innan aðildarfélagana
- Standa fyrir fræðslu um fagleg málefni fyrir aðildarfélög samtakanna

## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Markmið Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu er að efla samstarf aðildarfélaga, standa vörð um hagsmuni þeirra og vinna að bættum starfsskilyrðum.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningskilavenjur.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri 3,5 millj. kr. á árinu 2023. Eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 23,9 millj. kr. Stöðugildi voru 4 að meðaltali á árinu.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samtakanna í árslok, rekstrarárangri á árinu og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2023 með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 11. apríl 2024.

Stjórn:

Karl Sætur Einarsson  
Vindur Vindur  
Angelus Th. Þóris  
Eymjörg Hauksd.  
Marta F. Karstana  
Halli Þorvaldsson  
Pétur Magnússon

Framkvæmdastjóri:

Sigríður Norberg tjáningastjóri

## Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu fyrir árið 2023 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða samtökin við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda samtakanna.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 11. apríl 2024.

**Advant endurskoðun ehf.**



Sveinn Reynisson  
endurskoðandi

## Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið sem endar 31. desember 2023 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 12. apríl 2024.

RAFÆNT UNDIRRITAD  
**Anna Birna Jensdóttir**  
Kt. 1712584809  
Dags. 15.4.2024 12:08:50  
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD  
**Inglýlög Ólafsdóttir**  
Kt. 2605647819  
Dags. 15.4.2024 12:13:53  
Ástæða: Undirritun

## Rekstrarreikningur 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrartekjur</b>			
Árgjöld aðildarfélaga .....		78.526.979	74.099.236
		<u>78.526.979</u>	<u>74.099.236</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	54.561.593	40.803.055
Aðkeypt þjónusta .....		14.151.863	19.204.899
Annar rekstrarkostnaður .....		7.769.903	9.618.947
		<u>76.483.359</u>	<u>69.626.901</u>
Rekstrarhagnaður .....		2.043.620	4.472.335
Vaxtatekjur .....		2.148.781	694.052
Vaxtagjöld og þjónustugjöld .....		( 739.399)	( 206.098)
		<u>1.409.382</u>	<u>487.954</u>
Hagnaður ársins .....	5	<u>3.453.002</u>	<u>4.960.289</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
<b>Eignir</b>			
Aðrar skammtímakröfur .....		990.000	990.000
Handbært fé .....		47.821.701	44.075.987
Veltufjármunir samtals		<u>48.811.701</u>	<u>45.065.987</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>48.811.701</u>	<u>45.065.987</u>
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		23.913.166	20.460.164
Eigið fé 5		<u>23.913.166</u>	<u>20.460.164</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Inneign aðildarféлага vegna persónuverndarverkefnis .....	4	14.047.796	14.876.381
Aðrar skammtímaskuldir .....		10.850.739	9.729.442
Skammtímaskuldir samtals		<u>24.898.535</u>	<u>24.605.823</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>48.811.701</u>	<u>45.065.987</u>

## Sjóðstreymisyfirlit 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....	5	3.453.002	4.960.289
Veltufé frá rekstri		3.453.002	4.960.289
<b>Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:</b>			
Skammtímakröfur, breyting .....		0 (	990.000)
Skammtímaskuldir, breyting .....		292.712	4.697.482
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		292.712	3.707.482
Handbært fé frá rekstri		3.745.714	8.667.771
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		3.745.714	8.667.771
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		44.075.987	35.408.216
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		47.821.701	44.075.987



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

## 2. Innlausn tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

## 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun .....	58.539.808	46.658.999
Endurrukkuð laun persónuverndarfulltrúa .....	( 16.461.179)	( 15.148.516)
Launatengd gjöld .....	12.482.964	9.292.572
	<u>54.561.593</u>	<u>40.803.055</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknuð í heilsársstörf .....	4	3

## 4. Persónuverndarverkefni

Útistandandi skuldbinding vegna persónuverndarverkefnis:

	31.12.2023	31.12.2022
Inneign frá fyrra ári .....	14.876.381	14.538.841
Greiðslur frá aðildarfélögum .....	17.500.000	15.486.056
Greitt af SFV vegna persónuverndarfulltrúa .....	( 18.328.585)	( 15.148.516)
	<u>14.047.796</u>	<u>14.876.381</u>

## 5. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	Eigið fé
Staða í ársbyrjun .....	20.460.164
Hagnaður ársins .....	3.453.002
Staða í árslok .....	<u>23.913.166</u>